

Nd.

264. Nefndarálit

um frv. til l. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. JJós og SK vilja láta samþykkja það, en eru fúsir til samninga um breytingartillögur, ef fram kunna að koma undir umræðum, svo fremi þær skerði ekki meginatriði þess eða tilgang.

FJ og PÐ eru meðfl.menn að frv. á þskj. 151 um þetta sama efni. Telja þeir það frv. að ýmsu leyti ýtarlegra og vilja athuga um möguleika til, að það frv. nái samþykki Alþingis, en munu að öðrum kosti bera fram breytingartill. við þetta frv. undir umræðum.

BJ telur sig ekki hafa fullmarkaða atstöðu til frv., en vill styðja þá stefnu, er í því kemur fram.

Alþingi, 9. apríl 1937.

Finnur Jónsson,	Jóhann Þ. Jósefsson,	Bergur Jónsson,
form.	frsm.	fundaskr.
Sig. Kristjánsson.	Páll Þorbjörnsson.	